

## Viðauki

### Við kjarasamning Blaðamannafélags Íslands og Bændasamtakanna frá 12. júní um styrk til kaupa á búnaði til myndatöku

Samkomulag hefur verið gert milli samningsaðila um að Bændasamtökin skuldbindi sig til að veita blaðamönnum Bændablaðsins sem eru félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands styrk til kaupa á búnaði til myndatöku sem hluta af starfskjörum. Bændasamtökin munu setja reglur sem gilda um styrkinn.

Styrkurinn getur numið allt að 400.000 til hvers blaðamanns á samningstímabilinu. Fyrirkomulagi verði þannig háttað að Bændasamtökin kaupi tækjabúnað til myndatöku að ósk blaðamannsins. Heimilt er að blaðamaður kaupi dýrari tæki og að Bændasamtökin leggi út þann kostnað, en sú fjárhæð sem verði umfram framangreinda hámarksupphæð greiði blaðamaður sjálfur innan 24 mánaða og getur látið draga kostnaðinn af launum. Sé fjárhæð tækjakaupa lægri en 400.000 kr. takmarkast styrkurinn við upphæð tækjakaupa. Blaðamaður getur nýtt styrkinn oft en einu sinni á samningstímabilinu þangað til hámarks styrkfjárhæð hefur verið náð. Í þeim tilfellum þar sem blaðamaður greiðir hluta af kaupunum er gerður samningur um kaupin milli blaðamanns og Bændasamtakanna.

Upphæð styrks skal endurskoðuð á ársgrundvelli en skal þó aldrei vera lægri en 400.000 krónur.

Viðauki þessi tekur gildi þegar kjarasamningur hefur verið samþykktur af félagsmönnum og geta blaðamenn sótt um styrkinn frá og með 1. ágúst 2024.

Undir búnað til ljósmyndunar getur fallið; ljósmyndavélar, aukahlutir með ljósmyndavélum, snjallsímar með góðri myndavél, og annars konar upptökutæki.

*Reykjavík 26.06.2024*

## Undirritunarsíða

F.h. Bændasamtakanna  
Örvar Þór Ólafsson

F.h. Bláamannafélags Íslands  
Sigríður Dögg Auðunsdóttir